

Stjórnarfundur USVH haldinn að Höfðabraut 6, 1. nóvember 2016 kl. 17:00 og fundargerð ritaði Sveinbjörg Pétursdóttir. Mætt eru Reimar Marteinson, Halldór Sigfússon, Ómar Eyjólfsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Elín Jóna Rósinberg og Sara Ólafsdóttir.

Fundargerð frá síðasta fundi lesin upp af Reimari og hún svo samþykkt.

Dagskrá fundar:

1. Umsóknir í styrktarsjóð USVH

Ein umsókn barst í seinni úthlutun úr styrktarsjóð USVH frá Hannesi Inga Mássyni. Sigurbjörg Jóhannesdóttir vék af fundi. Umsókn um akstursstyrk samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

2. Dagatal USVH 2017

Sigurbjörg Jóhannesdóttir kom aftur inn á fundinn. Farið yfir stöðu mála. Vinna við undirbúning á dagatalinu gengur vel.

3. Framtíð Fjallaskokksins

Rætt um framtíð og stefnu fjallaskokksins.

4. Önnur mál

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:50